

BRYNDÍS SNÆBJÖRNSDÓTTIR OG MARK WILSON

## Bani boðberans

### Rýnt í teikn hækkandi sjávarmála

#### *Formáli*

Eftirfarandi grein er skrifuð út frá hugmyndum sem listaverkin *Bani Boðberans I* og *II* voru byggð á. Listaverkin voru gerð fyrir sýninguna AIVIQ + NANUK sem opnaði 7. október 2018 í Anchorage safninu í Alaska. Þau voru unnin út frá vísindarannsóknum á tannrótum tveggja hvítabjarna sem komu til Íslands með stuttu millibili í júní 2008. Myndirnar sem fylgja greininni eru af listaverkunum tveimur en þær sýna klippiverk sem búin eru til úr fjölda ljósmynda, sem teknar voru í gegnum smásjá af tannrótum þessara tilteknu hvítabjarna. Við hvern árhring sem greina má í tannrótunum eru skrásett ártöl sem telja líftíma dýranna. Hvert ártal tengist síðan handskrifuðum tilvitnunum um umhverfismál, stefnur og markmið úr heimspressu viðeigandi árs. Í neðri hluta listaverksins er röð ljósmynda þar sem ummerki mannsins eru miðjuset innar um ímynd óspilltrar náttúru norðursins. Myndirnar voru teknar af höfundum á ferðalagi sínum um Grænland árið 2001.

Í tengslum við skrifin hér eru æviágrip þessara tilteknu hvítabjarna birt samhlíða hverju listaverki. Æviágripin eru byggð á ýmsum upplýsingum er snerta líf bjarnanna og aflað hefur verið úr fréttum tengdum komu þeirra til landsins ásamt þeim vísindarannsóknum sem gerðar voru á líkamsleifum þeirra. Æviágripin eru skrifuð með það fyrir augum að persónugera birnina til að leita eftir samkennd hjá lesanda en höfundar hafa í rúm tuttugu ár sem listamenn unnið með þverfagleg og rannsóknartengd verkefni sem skoða sögu, menningu og umhverfi ekki bara út frá sjónarhorni mannsins heldur einnig annarra lífvera.



Ritið  
1. tbl. 20. árg. 2020 (171-182)

© 2020 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar  
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.20.1.8  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

*Bani boðberans I: Skagabjörninn*

Skagabjörninn eins og hann er nefndur var fæddur á Grænlandi árið 1986. Samkvæmt rannsóknnum á fjölda áhringja í tannrótum hans fylgdi hann móður sinni fram á þriðja aldursár, þar til hann var orðinn nógu þroskaður til að geta séð um sig sjálfur. Sömuleiðis kom fram við rannsóknir á áhringjunum að fyrsta árið eftir að hann skildi við móður sína hafi verið erfitt. Að því ári loknu tók við 20 ára tímabil sem var mun auðveldara fyrir hann, björninn virtist vera við góða heilsu og allt lék í lyndi. Ekki er vitað hvað olli því að hann hóf sund frá ströndum Grænlands til Íslands seint í maí árið 2008, þá 23 ára gamall. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni frá þessum tíma var næsti hafís við landið í meira en 100 km fjarlægð. Þegar Skagabjörninn lést hinn 3. júní 2008 vó hann 220 kg sem er töluvert minna en þyngd hvítabjarna á sama aldri sem upprunnir eru úr sama stofni hvítabjarna. Að aflokinni krufningu lágu fyrir ýmsar upplýsingar um líkamsbyggingu hans, heildarlengdin var 209 cm, eyrun á honum voru 11,1 cm löng (11,8 cm með hárum), afturfætturnir 46 cm og ummál framan við herðakambinn 146 cm. Við krufninguna fannst töluverð fita undir húðinni en þó mest á fótleggjum, á kviði og upp eftir síðunum. Framtennur og jaxlar voru í góðu ástandi en gular á lit og vígtennurnar í neðri kjálkanum voru eyddar sennilega eftir að hafa nuddast við þær í efri gómi. Þrátt fyrir tiltölulega háan aldur var hann ennþá frjór. Jafnframt kom fram að í maga hans fannst aðeins gróður, smá sandur og bitmýslirfa sem mun hafa komið úr drykkjarvatni hans. Athygli vakti að gras hafði verið tuggið í 10–20 mm bita til að teppa ekki meltingarveginn. Skagabjörninn var sýktur af trikínu (*Trichinella nativa*) sem er þráðormur sem býr um sig í vöðvum og hefur þannig áhrif á hreyfigetuna. Trikínu-sýking í vöðvum eins og hjartanu getur haft mjög skaðleg áhrif og leitt að lokum til dauða.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Karl Skírnisson, „Athuganir á tveim hvítabjörnum sem felldir voru í Skagafirði í júní 2008“, skýrsla send Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnuneytinu, 2008, bls. 1–15, hér bls. 3. Karl Skírnisson, „Um aldur og ævi hvítabjarna“ *Náttúrufræðingurinn* 78/2009, bls. 39–45, hér bls. 41.



Bryndís Snæbjörnsdóttir & Mark Wilson, *Bani boðberans I*, 2018, (klippimynd, 100cm x 178cm)

*Bani boðberans II: Skagabirnan*

Skagabirnan er talin hafa fæðst á Grænlandi árið 1993 en hún lést að Hrauni í Skagafirði 1. júní 2008. Þá var hún 142 kg sem er mun minna en væntanleg þyngd heilbrigðra kynsystra hennar ætti að vera á sama árstíma. Hún var fjórtán og hálf árs gömul og hafði synt langan veg í sjónum áður en hún kom til Íslands. Hún var smávaxin eða 194 cm að lengd en meðallengd hvítabirna frá Grænlandi er 200–220 cm. Við krufningu mældist ummál hennar um herðakambinn 114 cm og er það mál langt undir meðallagi. Fitu var hvergi að finna og langvarandi sultur hafði valdið því að hún var búin að brenna hluta af vefjaforða sínum. Dýralæknirinn sem skoðaði hana staðfesti að hún hefði verið úrvinda. Vatn var í lungum svo og í meltingarfærum. Í bógkrikunum voru stór nuddsár (14 cm x 10 cm) sem benda til þess að birnan hafi verið lengi á sundi, jafnvel í eina eða tvær vikur. Talið er að mar á hnjám sem sást við krufningu megi rekja til þess að birnan hnaut í fjörunni þegar hún var að klöngrast upp á land rúmum sólarhring fyrir andlátíð. Tennurnar voru í góðu ástandi og út frá rannsókn á áhringjum í tannrótum má ráða að hún hafði eignast afkvæmi fjórum sinnum; í fyrsta skipti þegar hún var 5 ára gömul en þá dráput afkvæmin þannig að hún tímgaðist aftur á útmánuðum og eignaðis sex vetra gömul húna sem hún síðan ól upp næstu þrjú árin. Sama gerðist þegar að hún var 9 og 12 vetra gömul þannig að hún hafði rétt náð að ala upp húnana úr fjórða gotinu þegar hún lagði upp í ferðina til Íslands. Í maganum var engin föst fæða aðeins vatn og hvítt slím. Ljóst er að hún var svo úrvinda þegar hún kom á land að henni reyndist ómögulegt að afla sér fæðu. Æðaregg sem voru allt í kringum hana í æðarvarpinu þar sem hún lést að Hrauni, voru ósnert.<sup>2</sup>

<sup>2</sup> Karl Skírnisson, „Athuganir á tveim hvítabjörnum sem felldir voru í Skagafirði í júní 2008“, bls. 3. Karl Skírnisson, „Um aldur og ævi hvítabjarna“, bls. 41.





Bryndís Snæbjörnsdóttir & Mark Wilson, *Bani boðberans II*, 2018, (klippimynd, 100cm x 178cm)

## *Rýnt í teikn hækkandi sjávarmála*

Ekki er svo langt síðan að Umhverfisstofnun Bandaríkjanna (e. *Environmental Protection Agency* eða EPA) lagði fram áætlun um „...að endurnýja skuldbindingu sína gagnvart heilbrigði mannkyns, hreinu lofti, landi og vatni...“ Það að aðskilja umhverfishugtök eins og loft, land, vatn frá mannlegum þörfum og heilbrigði mannkyns, á sér ekki bara stað í opinberum umræðum í Bandaríkjunum heldur er þetta dæmigert einkenni á flestum ef ekki öllum vestrænum stjórn mála- og fjölmíðlaumræðum. Umfjöllun af þessu tagi viðheldur ákveðinni aðskilnaðarstefnu innan vistkerfisins sem vert er að íhuga. Skilgreiningar tengdar umhverfinu og vistkerfi þess eru flóknari en áður var. Hugmyndir um tvískiptingu menningar og náttúru er almennt talin úrelt skilgreining en í staðinn hefur tekið við ákveðinn samruni þessara hugtaka þar sem náttúran er hluti af menningu og öfugt.<sup>3</sup> Hugtakið „umhverfi“ hefur breyst í ótrygga vogarskál sem er „... samnefni fyrir innbyrðis tengsl vatns, lofts og lands, mannsins og allra annarra lífvera og lífrænna heilda.“<sup>4</sup>

Ljóst er að hlýnun jarðar stefnir í hættu lífríki, menningu og hefðum íbúa norðurheimskautsins. Árleg hækkun sjávarmála og þverrandi hafís eru árið-andi og mikilvæg áminning um þær loftslagsbreytingar sem nú eiga sér stað. Gögn úr vísindarannsóknum undanfarinna ára bera vitni um óhugnanleg áhrif hækkandi sjávarmála á umhverfi manna og dýra á norðurhveli jarðarinnar.<sup>5</sup> Sem dæmi má nefna að með hlýnun sjávar, bráðnun íss og hækkun sjávarmála munu möguleikar hvítabjarna til að nálgast aðalfæðutegundir sínar hverfa. Á svipaðan hátt munu híði þeirra sem grafin eru í snjódrífur meðfram heimskaustsörnd Alaska skolast í burtu og eyðileggjast.<sup>6</sup> Í áraraðir hafa komur hvítabjarna til Íslands og hafíss farið saman en á undanförunum árum hafa átt sér stað þær breytingar að komur þeirra tengjast nú fæðuleit sem talin er bein afleiðing af bráðnun og/eða hvarfi ísjaka á heimaslóðum þeirra. Í júní 2008 tóku tveir hvítabirnir land í Skagafirði sem er mjög óvenjulegt á þessum árstíma. Á síðustu öld var skráð sjötú og ein heimsókn hvítabjarna

<sup>3</sup> Páll Skúlason, *Umhverfing*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998, bls. 54.

<sup>4</sup> Ang Kean Hua, „History and Philosophy of Science: an analysis“, *International Journal of Scientific Research in Science, Engineering and Technology* 2: 1/2016, bls. 21–30, hér bls. 21.

<sup>5</sup> Center-for-Biological-Diversity, „How Rising Seas Threaten 233 Endangered [US] Species“, sótt 2. apríl 2020 af [www.biologicaldiversity.org](http://www.biologicaldiversity.org).

<sup>6</sup> Ryan R. Wilson, Eric V. Regehr, Karyn D. Rode, Michelle St. Martin, „Invariant polar bear habitat selection during a period of sea ice loss“, *Proceedings of The Royal Society B-Biological Sciences* 283: 1836/2016, bls. 1–8, hér bls. 2.

til landsins, þar af tuttugu og sjö frostaveturinn mikla 1917–1918. Mest var af hvítabjarnaheimsóknum veturinn 1880–1881 þegar sextíu og þrjár heimsóknir voru skráðar. Frá upphafi byggðar á Íslandi hafa yfir fimmhundrað hvítabirnir heimsótt landið í tvöhundruð og fimmtíu heimsóknum.<sup>7</sup>

Fréttir af komu hvítabjarnarins á Þverárfjalli bárust flestum landsmönnum í gegnum Ríkisútvarpið. Fjöldi fólks þyrptist á staðinn til að sjá björninn, ómögulegt var að girða svæðið af með svo stuttum fyrirvara sem skapaði hættuástand og gerði lögreglunni erfitt fyrir um öryggisgæslu. Í ofanálag var þoka talin yfirvofandi. Samanlagt leiddu allir þessir þættir til þess, að því að sagt var, að ákvörðun var tekin um að fella dýrið. Heimsókn hvítabjarnarins kom á óvart því komið var fram í júní og samkvæmt Veðurstofu Íslands var enginn hafís í nágrenni landsins. Gervihnattamyndir af svæðinu sýna að næsti hafís var um sjötíu sjómílar í burtu. Þetta var staðfest af Landhelgisgæslunni sem fór í sérstaka flugferð skömmu seinna eða hinn 18. júní 2008 til að kanna hafís umhverfis landið.<sup>8</sup> Gögn eru til sem styðja þá kenningu að hvítabirnir geti synt 100 km á 11 klukkutímum en það ýtir undir þá tilgátu að hvítabirnirnir tveir sem komu í Skagafjörð hafi synt frá þeim hafís sem var næstur landi eða í um 129 km fjarlægð.<sup>9</sup> Í tengslum við það sem átti sér stað á Þverárfjalli veltu margir fyrir sér að í stað þess að skjóta björninn hefði mátt fanga hann og koma honum til baka til síns heimalands. Ekki voru allir á einu máli um það en í ljósi svipaðra aðstæðna í borgum eins og Churchill í Norður Kanada og á Svalbarða í Norður Íshafinu, þar sem hvítabirnir eru fangaðir og fluttir í burtu, er eðlilegt að vöngum sé velt yfir aðferðum héraendis við komur hvítabjarna. Sér í lagi má huga að breytingum þegar höfð er í huga yfirvofandi útrýmingarhætta og skyldur þjóða gagnvart þeim verum sem deila með okkur heimahögum og/eða nágrenni þeirra.

Tveimur vikum eftir komu (og aflífun) hvítabjarnarins á Þverárfjalli var tilkynnt um hvítabirnu á sama svæði en í þetta skipti var hún á skaganum sjálfum við bæinn Hraun. Ung heimasæta á bænum, Karen Helga Steinsdóttir, var fyrst til að koma auga á dýrið. Hún var á leið sinni frá húsinu að hlöðunni og tók eftir undarlegri hegðun heimilishundsins. Hún fylgdi

<sup>7</sup> Ævar Petersen og Þórir Haraldsson, „Komur hvítabjarna til Íslands fyrr og síðar“, *Viltt íslensk spendýr*, ritstjórar Páll Hersteinsson og Guttormur Sigurbjarnarson, Reykjavík: Hið íslenska Náttúrufræðifélag og Landvernd, 1993, bls. 74–78, hér bls. 76.

<sup>8</sup> „Haf- og borgaristilkynningar 2008“, *Veðurstofa Íslands*, sótt 2. apríl 2020 af <http://www.vedur.is/hafis/hafistilkynningar/2008>.

<sup>9</sup> Páll Hersteinsson, „Spendýr á norðurslóðum“, *Undur Veraldar*, ritstjóri Þorsteinn Vilhjálmsson, Reykjavík: Heimskringla, 1998, bls. 89–106, hér bls. 92.

hundinum eftir og sá þá það sem hún taldi við fyrstu sýn vera hvítt plast af heyrúllu í grasinu hjá æðarfuglinum. Við nánari athugun reyndist þetta hinsvegar vera sofandi hvítabjörn.<sup>10</sup> Þegar fréttir bárust af heimsókninni var þó nokkur þrýstingur frá almenningi og að því er virtist áhugi að hálfu Ríkisstjórnarinnar að reyna að bjarga birninum, svæfa og skila aftur til síns heima. Félag Björgólfs Thórs Björgólfssonar, Novator, bauðst meira að segja til að borga kostnað sem mundi fylgja slíkri björgun. Af ókunnum ástæðum snéri Umhverfisráðuneytið sér til Dýragarðsins í Kaupmannahöfn um ráðgjöf og framkvæmd á hugsanlegum flutningi. Var ef til vill leitað til Danmerkur vegna tengsla þess og Grænlands, þaðan sem dýrið þótti líklegast hafa komið, fremur en til Noregs eða Kanada þar sem tilflutningur á lifandi hvítabjörnum var marggreindur og vel þekkur? Hvað sem því líður varð niðurstaðan sú að hingað til lands kom Carsten Gröndahl sérfræðingur í villtum dýrum frá „Zoologisk Have“ í Kaupmannahöfn ásamt sérstaklega hönnuðu ísbjarnabúri.

Þegar fréttir bárust af heimsókn hvítabjarnarins að Hrauni, báðum við, sem listamenn með sérstakan áhuga á hvítabjörnum, um leyfi til að fá að vera viðstödd þegar björninn yrði fangaður. Stefán Vagn Jónsson lögreglumaður á svæðinu samþykkti að veita okkur samskonar leyfi og blaðamönnum sem þýddi að við fengum að vera aðeins nær birninum en almenningur. Að morgni þjóðhátíðardagsins 17. júní keyrðum við í Skagafjörð, með myndavélar, sjónauka og eintak af bókinni okkar *nanoq: flat out and bluesome* í farteskinu. Þegar komið var á staðinn var okkur ásamt blaðamönnum og ákveðnum hópi útvaldra áhorfenda haldið í um þriggja kílómetra fjarlægð frá bænum Hrauni en veginum þangað hafði verið lokað með bifreiðum björgunarsveitarinnar. Þrátt fyrir fjarlægðina var mögulegt að greina með berum augum hvítan hnoðra í fjarska og sjá hann nokkuð greinilega í gegnum sjónaukann og aðdráttarlinsu myndavélarinnar. Þetta var í fyrsta skipti sem við sáum hvítabjörn frjálсан í náttúrunni ef svo má að orði komast. Nokkurri bílaumferð var hleypt í gegnum vegartálmana að Hrauni þar sem teymi sérfræðinga sá um framkvæmd aðgerðanna. Þeir sem hleypt var í gegn voru meðal annars skytta héraðsins, dýralæknir staðarins og þeir sem komu með sérhannaða búrið undir birnuna, en það var flutt á pallbíl í lögreglufylgd, með blikkandi ljósum og sírenum. Á meðan við biðum áttum við í samræðum við blaðamenn og nokkra af þeim körlum og konum sem voru í

<sup>10</sup> Silja Björk Huldudóttir, „Varð dauðhrædd þegar ég sá björninn“, *Morgunblaðið*, 17. júní 2008, bls. 8–9, hér bls. 8.



björgunarsveitinni. Rétt áður en búrið kom á staðinn hafði þyrlla með Carsten Gröndahl, danska ísbjarnasvæfingasérfræðingnum, lent í hlaðvarpanum á Hrauni. Stuttu síðar og eftir að búrið var farið í gegn birtist á staðnum þáverandi umhverfisráðherra Þórunn Sveinbjarnardóttir ásamt ráðgjöfum. Á sama tíma áttu sér stað mörg símtöl meðal ráðgjafa umhverfisráðherra og kom í ljós að leyfi hafði ekki verið veitt fyrir flutningi hvítabjarnarins til Grænlands. Vegna möguleika á sjúkdómum og/eða sýkingu þurfti að fá staðfestingu á því að björninn hefði komið frá Grænlandi en ekki Svalbarða. Ennfremur þurfti að fullvissa dýraeftirlitið um að birnan hefði ekki sýkst eða smitast af sjúkdómum meðan hún var á ferðalaginu eða eftir að hún gekk á land á Íslandi. Í tengslum við það upphófst þó nokkur umræða, fram kom að riða var síðast staðfest í þessum landshluta. Spurningar vöknudu um hvort birnan gæti hafa náð sér í rollur eftir að hún kom að landi. Enginn hafði þó séð hana borða neitt í þá tuttugu og fjóra tíma sem hún hafði verið undir eftirliti annað en hugsanlega egg frá æðarfuglinum. Danski dýrafræðingurinn hafði gefið ströng fyrirmæli um að það mætti alls ekki fæða birnuna þar sem það myndi tengja mat við mannfólk í huga hennar og þar af leiðandi gera árásir á það líklegri. Seinnipart dags, í kringum hálf-fimm, var jeppa ekið í átt að hvítabirninum og lagt í þó nokkurri fjarlægð fyrir aftan og til vinstri við þann stað þar sem hún hafði legið síðan mjög snemma um morguninn. Stuttu síðar var öðrum jeppa ekið meira eða minna beint í átt að henni. Við það að sjá bílinn nálgast, reis birnan upp og hljóp út í nálægt lón og síðan upp úr því aftur en í burtu frá jeppunum sem fylgdu henni eftir. Þetta olli miklu fjaðrafoki hjá björgunarsveitarmönnum sem sáu um öryggi á svæðinu þar sem við vorum ásamt blaðamönnum. Hróað var og kallað og fólki skipað að fara í bílana, snúa við og keyra í burtu. Skipunin var gefin þó að hvítbjörninn stefndi ekki í áttina að hópnum heldur frá honum. Áður en við gátum brugðist við skipuninni sáum við birnuna hægja á hlaupunum og labba að því er virtist rólega í átt að sjónum. Allt í einu hvað við skot og síðan fljótlega á eftir annað skot og hún lá á jörðinni. Allir nærstaddir frusu í sporum sínum og þögn lagðist yfir hópinn. Óvissa fór um okkur og von læddist að manni að þetta væri afleiðing af deyfisprautu, nokkuð sem fékk byr undir báða vængi er jeppanum með búrinu var ekið að henni og að minnsta kosti tveir menn stigu út. Stuttu seinna bárust hinsvegar þær fréttir að birnan hefði verið skotin til bana vegna þess að hún var særð (sem skýrir af hverju hún gekk í stað þess að hlaupa) og af því að hún var á leið til sjávar. Þetta kann mörgum að virðast furðuleg mótsögn en hér á landi gilda þau lög síðan 1994 að ekki má drepa hvítbjörn á sundi eða á hafi úti. Í því sambandi

var talið hættulegt að hleypa birninni í sjóinn því þar var hún friðuð og erfitt hefði verið að fylgjast með ferðum hennar og hvar hún tæki land næst.

Í gegnum tíðina og í menningu fjölda þjóða hefur mannfólkið notað ímynd ísbjarnarins til að endurspegla ýmsar fyrirmyndir. Í vestrænni menningu sérstaklega var framandleiki hvítabjarnarins í fyrstu notaður til að viðhalda rupli sem fylgdi nýlendustefnunni. Síðar og í kjölfarið kom svo sportveiðimennskan en ljóst er að ímynd hvítabjarnarins hentaði vel goðsögum um yfirburði mannsins yfir náttúrunni.<sup>11</sup> Núverandi myndbirting af viðkvæmni og varnarleysi hvítabjarnarins felur í sér mótsagnakenndan vitnisburð um metnaðargjarna umhyggju mannsins gagnvart umhverfis- og vistkerfum jarðarinnar. Í mörgum menningarsamfélögum innfæddra heimskautsbúa (Inupiaq, Inuit), þar sem finna má jafnt hagnýta sem og andlega tengingu milli manna og dýra, nokkuð sem hefur verið viðhaldið í gegnum áralöng tengsl milli aðlögunar og uppgötvunar í nærumhverfi norðurheimskautsins, er tekið á dauða hvítabjarnar af alvöru. Þar er venja að líta á hvert dráp sem gjöf frá dýrinu sjálfu; þannig að látið dýrið fær andlega upprisu í gegnum siði og gjafir sem gefnar eru með virðingu og heiðri.<sup>12</sup> Síðasta áratug eða eftir síðustu aldamót hafa íbúar í Kaktovik, sjávarþorpi í Norður Alaska, tekið eftir breytingum á hegðun hvítabjarna sem þangað koma árlega á haustin í tengslum við hvalveiðar þeirra. Hópurinn er stærri og líkamlegt ástand hvítabjarnanna er verra en áður var. Ennfremur kemur fyrir að birnur sjást með húna á óvenjulegum árstímum. Áður fyrr hefðu íbúar þessa litla samfélags ekki hugsað sig um tvisvar áður en hvítabjörn var felldur því skinn og kjöt kom sér vel en viðhorf þeirra hefur breyst og öðrum aðferðum er nú beitt í þessu hrjóstruga landslagi.<sup>13</sup>

Strandlengjur heimsins eru í hættu vegna hækkunar sjávarmála sem er afleiðing af hlýnun jarðar og bráðnun íslags. Vegna þessa má gera ráð fyrir tíðari heimsóknum hvítabjarna frá Grænlandi og Svalbarða til nýrra slóða eins og Íslands. Rannsóknir tengdar heimsóknum þeirra undanfarin ár sýna fram á að þeir hafa synt frekar en að berast með hafís.<sup>14</sup> Við spyrjum okkur hvort leita eigi nýrra leiða vegna væntanlegra heimsókna hvítabjarna – og þar af

<sup>11</sup> Michael Engelhard, *Ice Bear: The Cultural History of an Arctic Icon*, Seattle og London: University of Washington Press, 2017, bls. 3.

<sup>12</sup> Paul Nadasdy, „The gift in the animal. The ontology of hunting and human–animal sociality“, *American Ethnologist* 34: 1/2007, bls. 25–43, hér bls. 28.

<sup>13</sup> Allison Warden Akootchook, viðtal tekið 2. mars 2018 af Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson.

<sup>14</sup> Ævar Petersen, „Hvítabjarnakomur á Íslandi, einkum á Norðurlandi, ásamt almennum upplýsingum“, *Dagur húnvetnskrar náttúru*, 2010, bls. 21–23, hér bls. 22.

leiðandi um tilganginn með slíkum breytum og markmiðum? Breytingar á því hvernig tekið verður á móti bjarndýrum kunna að gefa til kynna, á sama hátt og hjá þeim sem lifa í reglulegu sambýli við hvítabirnina í Norður Alaska, að við göngumst við loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á samfélög allra lifandi vera, að við séum tilbúin í þessu samhengi sem öðrum að aðlagast. Ef við sem berum ábyrgð á þessum voða getum það ekki, hvaða möguleika má þá ætla að hvítabirnir hafi, hversu táknrænir og virðingarfullir sem þeir kunna að vera. Með þverfaglegum rannsóknum í félags- og náttúruvísindum (mannfræði, vistfræði, þjóðfræði, sýningarstjórnun, menningarfræði, tæknifræði) og listum (myndlist, hljóðlist, sviðslist, tónlist og sagnalist) geta skapast rými til aukinnar og annarskonar þekkingar. Með samblandi slíkrar þekkingarsköpunar skapast einstakir möguleikar til að tengja saman og takast á við hina fjölmörgu snertipunkta umhverfismála.

Sem listranssakendur höfum við töluverða reynslu af samvinnu við fagfólk frá öðrum sérsviðum og höfum með þeirri vinnu uppgötvað árangursríkar, óhefðbundnar aðferðir sem skapa þekkingu. Við teljum að með því að skoða líf hvítabjarna innan ákveðins samhengis, þverfaglega og á ólíkum tímum, megi auka skilning á mannlegri umhyggju – og viðnámi – gagnvart framtíð hins óþekkta í umhverfinu. Almenn er talið að hvítabjörninn verði útdauður um miðja þessa öld.<sup>15</sup> Vert er að velta því fyrir sér frá vistfræðilegum og heimspekilegum sjónarhornum hvað muni fylla skarðið sem hoggið verður þegar þetta táknræna dýr er ekki lengur til staðar?<sup>16</sup>

**BRYNDÍS SNÆBJÖRNSDÓTTIR (PHD)**

Prófessor við Listaháskóla Íslands

bryndish@lhi.is

**MARK WILSON (PHD)**

Prófessor University of Cumbria, England.

<sup>15</sup> J. P. Whiteman, „Out of balance in the Arctic“, *Science*, 359: 6375/2018, bls. 514–515.

<sup>16</sup> Þakkir til Karls Skírnissonar, líffræðings Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, og Mariú Hrannar Gunnarsdóttur fyrir aðstoð við íslenskt málfar.

